

Ræða Jóhönnu Sigurðardóttur, formanns Samfylkingarinnar, á fundi flokksstjórnar í Reykjanesbæ laugardaginn 21. nóvember 2009

ÁRANGUR OG UMBÆTUR

Kæru félagar

Það er vel til fundið að koma hér saman í Reykjanesbæ til fundar í flokksstjórn.

Á Reykjanesi eru tölur um atvinnuleysi hæstar á landinu og að baki þeim tölum býr félagslegur veruleiki og vandi sem afar brýnt er að fást við af mikilli alvöru. Atvinnumálin hljóta að verða eitt helsta baráttumálið í komandi sveitarstjórnarkosningum enda er það á þeim vettvangi sem þau mótast að miklu leyti. Á þessu sviði hljótum við jafnaðarmenn að láta mikið til okkar taka og ríkisstjórnin hefur sannarlegar lagt sitt að mörkum á þessu sviði.

Hér á Reykjanesi blasa möguleikarnir við hvar sem borið er niður. Svæðið er ríkt af endurnýjanlegri orku og á þeim grunni eru skilyrði til fjölbreytilegrar atvinnuþróunar eins og til dæmis í heilsutengdri ferðaþjónustu. Ríkisstjórnin hefur lagt áherslu á það að í kringum Keflavíkurlugvöll þróist nýjar atvinnugreinar eins og rekstur gagnavera, skólasamfélag, flugþjónusta í ýmsum myndum og nýsköpun á sviði hátækni.

Ég er sannfærð um að öllum hindrunum í vegi Suðvesturlínu, sem er forsenda fyrir þróun orkuháðs iðnaðar á þessu svæði, verði rutt úr vegi þannig að framkvæmdir við hana geti hafist á næsta sumri. Forráðamenn Norðuráls segja nú að framkvæmdir við álver í Helguvík fari á fullt í vor og það mun skapa mikla atvinnu. Ég hef einnig góðar vonir um að vinna við Búðarhálsvirkjun hefjist með vorinu en orku frá henni verður að verulegu leyti ráðstafað til endurnýjaðs álvers í Straumsvík. Við erum hér að tala um ársverk í þúsundum meðan á þessum framkvæmdum stendur.

Allar horfur eru einnig á því að Rio Tinto Alcan hefji innan tíðar tveggja ára verkefni við endurnýjun rafbúnaðar í álverinu í Straumsvík sem skapa mun 600 ársverk meðan á því stendur. Endurnýjunin mun festa framleiðsluaukningu í álverinu og starfsemi þess í sessi næstu áratugi. Í gær ritaði svo Orkuveita Reykjavíkur undir lánasamning við Evrópska fjárfestingarbankann sem tryggir vinnu við 5. áfanga Hellisheiðarvirkjunar og við gerð Hverahlíðarvirkjunar. Ég gæti trúað að hagfræðingar segðu að þessar framkvæmdir komi á hárréttum tíma í niðursveiflu hagkerfisins.

Góð flokkssystemi!

Stofnun Samfylkingarinnar var pólitískt afrek á sínum tíma fyrir tæpum tíu árum. Upp úr sundrungu reis sameinaður flokkur íslenskra jafnaðarmanna. Við

fengum að heyra það aftur og aftur frá andstæðingum okkar að úr okkar sundurleita efnivið myndi aldrei verða neitt. En raunin hefur orðið önnur og við höfum unnið það afrek að gera úr Samfylkingunni traustan og samhentan stjórn málaflokk sem er orðinn burðarás í íslenskum stjórn málum. Flokk sem er gott að starfa innan og þar sem skoðanaskipti leiða ekki til flokkadrátta eða illinda heldur til skynsamlegrar niðurstöðu og raunsærra lausna. Traustan og samhentan flokk sem leysir erfið verkefni í ríkisstjórn, í sveitarstjórnnum og í mótun utanríkisstefnu landsins.

Ég er sannfærð um að þá traustu framgöngu og samheldni sem er að finna í störfum flokksins að landsstjórninni er hægt að yfirfæra í baráttuna fyrir sveitarstjórnarkosningarnar í vor. Traust framganga og samheldni skapar okkur stöðu og tækifæri til þess að sýna hvað í Samfylkingarfólki býr. Styrkur, breidd, samstaða og þekking á málum verða okkar helstu tromp í baráttunni. Gildi jafnaðarstefnunnar, ásamt raunsæi sem byggir á góðu jarðsambandi við fólkið í landinu, samfélagslegri ábyrgð og umhyggju fyrir náunganum, eiga erindi sem aldrei fyrr við kjósendur.

Um þessar mundir eru flokksfélög okkar að búa sig undir þátttöku í sveitarstjórnarkosningum. Inn í það ferli þarf flokkurinn að koma sterkur á landsvísu með sameiginlegar áherslur í atvinnumálum, sem verða aðalmál kosninganna, áherslur á lýðræðisumbætur í sveitarstjórnnum og áherslur á flutning verkefna heim í hérað, svo sem málefni fatlaðra og aldraðra á árunum 2011 og 2012. Styrkari og breiðari tekjustofnar sveitarfélaga verða að styðja slíka þróun og að því máli og endurskoðun á hlutverki jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er unnið. Í þessu sambandi er vert að vekja sérstaka athygli á því að skattatillögur ríkisstjórnarinnar færa sveitarsjóðum og Jöfnunarsjóði sveitarfélaga auknar tekjur. Þá hefur ríkisstjórnin í hyggju að bæta þeim kostnað sem hlýst af hækkun tryggingargjalds. Ég hef því góðar vonir um að ekki þurfi að koma til útsvarshækkana hjá sveitarfélögunum.

Ríkisstjórn Samfylkingarinnar og Vinstri grænna hefur hafið samstarf við Samband sveitarstjórna á breiðum grundvelli og stórbætt samskipti ríkis- og sveitarfélaga. Þetta samstarf hefur þegar skilað verulegum árangri og ég er sannfærð um að það á eftir að verða okkur til farsældar.

Ég tel að það felist tækifæri í því fyrir flokksfélögin að tala fyrir sóknaráætlun landshluta sem ríkisstjórnin hefur sett af stað. Hún leggur grunn að öflugri atvinnuuppbyggingu og nýju svæðasamstarfi innan landshlutanna sem er nauðsynlegt m.a. með tilliti til svæðasamstarfs innan Evrópu. Hvort sem af aðild að Evrópusambandinu verður eða ekki, þá er mikilvægt að við skipuleggjum byggðasamstarf okkar á evrópska vísu og stöndum að atvinnuþróunarverkefnum með því að samræma allar okkar áætlanir.

Eitt atvinnuvegaráðuneyti verður þýðingarmikið skref í þessa átt. Og það er einnig fagnaðarefni að á Vestfjörðum og á Austurlandi eru hafnar umræður í alvöru um að sameina sveitarfélög innan landshlutana í eitt.

Hingað til hefur lítið verið gert hérlendis úr þeim möguleikum sem byggðir landsins eiga með aðild að Evrópusambandinu en þar er um að ræða tækifæri sem verðskuldar meiri athygli.

Við aðild Finna var sérstakt tillit tekið til þess hversu dreifbýlt landið var og fengu þeir hærri byggðastyrki fyrir vikið. Í Finnlandi búa að meðaltali 17 íbúar á hvern ferkílómetra, en aðeins 3 á ferkílómetra á Íslandi. Þarna hlýtur að vera samningsmöguleiki. Við höfum reynslu á þessum sviðum; okkar fólk á vísinda- og rannsóknasviðinu hefur sýnt áreiðu og er eftirsótt í samstarfsverkefnum í áætlunum ESB. Það verður ekkert öðru vísi í byggðamálunum. ESB aðild mun verða stórt framfaraskref fyrir hinar dreifðu byggðir landsins og skapa skilyrði til fjölbreyttara atvinnulífs en við höfum áður átt kost á um land allt.

Góðir félagar!

Um síðustu helgi urðum við vitni að sögulegum viðburði hér á landi - viðburði sem gæti markað þáttaskil í þróun lýðræðis og þáttöku almennings í stefnumótun þjóðar. Ég er að sjálfsgöðu að tala um Þjóðfundinn, þar sem vel á annað þúsund einstaklingar, marktækt úrtak íslensku þjóðarinnar, komu saman og mörkuðu sér framtýðarsýn, helstu áhersluflokka og þau gildi sem íslenskt samfélag á að byggja á á komandi árum.

Á þjóðfundinum var rætt um þau gildi sem þátttakendur telja mikilvægust. Heiðarleiki var það gildi sem skar sig algjörlega úr en á eftir komu gildi eins og jafnrétti, virðing og réttlæti sem þjóðfundarfulltrúum fannst hvað mikilvægust fyrir samfélagið. Því næst völdu þátttakendur hvaða orð lýstu best framtíðinni fyrir Íslendinga. Þau eru: Menntamál, umhverfismál, fjölskyldan, velferð, atvinnulíf, sjálfbærni, jafnrétti og stjórnsýsla.

Ríkisstjórnin ákvað á fundi sínum í gær að fela stýrihópi sóknaráætlunar fyrir Ísland að vinna með Maurapúfunni, aðstandendum þjóðfundarins, að því að niðurstöður fundarins endurspeglar í sóknaráætluninni. Einnig verði skipaður hópur óháðra aðila til að koma með hugmyndir að því hvernig best verði hlúð að grunngildum Íslendinga í opinberri stjórnsýslu og innan stjórnarráðsins.

Ríkisstjórn Íslands hefur fagnað vel heppnuðum þjóðfundi og hún telur rétt að niðurstöðum hans verði fylgt eftir. Það eigum við svikalaust að gera í Samfylkingunni enda er samhljómurinn mikill við okkar áherslumál. Bjartsýni, von, atorka og framkvæmdavilji voru einkenni þjóðfundarins og þeim eigum við að halda á lofti.

Verkefni stjórnmalaflokka er að hafa heildarsýn á viðfangsefni þjóðmálanna og búa samfélaginu þau ytri skilyrði að gildismat Íslendinga geti notið sín. Þar hafa okkur verið mislagðar hendur og oft ber meira á átökum um leiðir að markmiðum og hagsmunatogstreytu einstakra hópa en umhyggju fyrir heildarhag og hagsmunum þjóðarinnar í heild.

Í þeirri glímu sem nú stendur við afleiðingar banka- og gjaldeyrishruns verða átök og fréttafár um einstök mál eins og Icesave þess valdandi að heildarsýnin verður óljós. Í mínum huga er hún þó allan tímann skýr og ekki verður frá henni hvíkað.

Í fyrsta lagi snýst baráttan um að ná tökum á stjórn efnahags- og ríkisfjármála, og skipuleggja endurreisn atvinnulífsins og heimilanna í landinu eftir hrunið. Uppgjörið við hrunið er ófrávíkjanlegur hluti af þeirri baráttu.

Í öðru lagi erum við að taka ákvarðanir um lagasetningu og breytingu á stofnunum þjóðfélagsins til þess að stemma stigu við því að svipaðir atburðir geti gerst í okkar efnahagskerfi á næstu áratugum.

Í þriðja lagi erum við með umbótum í lýðræðismálum, betri og gengsæri stjórnarháttum, endurskipulagi stjórnkerfis og stefnumótun á mörgum sviðum að búa í haginn fyrir sókn til betra samfélags sem m.a. tekur mið af meginhugmyndum norræna velferðarríkisins í bestu merkingu þess orðs.

Hver einasta ákvörðun sem tekin er um þessar mundir og á næstu misserum verður að ganga upp í þessari þríliðu. Uppgjör, endurreisn og uppstokkun eru lykilordin.

Frá því að við komum saman síðast hefur það komið æ skýrar í ljós að ríkisstjórnin er að ná betri árangri í stjórn efnahagsmála en fyrstu áætlanir Seðlabanka Íslands og Alþjóða gjaldeyrissjóðsins gerðu ráð fyrir. Atvinnuleysi er allt að 2% stigum minna en búist var við var, og samdráttur í landsframleiðslu virðist sömuleiðis ætla að verða um 2% minni en gert var ráð fyrir. Þetta ásamt minni kostnað við endurreisn bankakerfisins en gert var ráð fyrir og minni vaxtakostnaði, dregur úr þörf fyrir skattahækkunir um 20 milljarða króna miðað við það sem áður var talið nauðsynlegt.

Verðbólgan er á niðurleið, svigrúm er að skapast fyrir áframhaldandi vaxtalækkun og stýrivextir eru aftur byrjaðir að lækka. Skuldatryggingarálag ríkisins hefur lækkað um helming á hálfu ári. Vextir hafa lækkað úr 18 í 11 % og virkir stýrivextir enn meir. Matsfyrirtæki meta efnahagshorfur stöðugar þótt erfiðar séu. Á sama tíma er ríkisstjórnin að gjörbreyta umhverfi sprotafyrirtækja til hins betra og leggja drög að nýrri sókn í nýsköpun um allt land.

Frá því að við komum saman síðast hafa kjarasamningar verið framlengdir, Icesave málið er að leysast og efnahagsáætlun Íslands og AGS hefur verið endurskoðuð, úrbætur í skuldamálum heimila og fyrirtækja hafa verið gerðar og nú reynir á framkvæmd þeirra. Ráðist verður í verulegar opinberar framkvæmdir á næstunni m.a. með aðstoð og í samvinnu við lífeyrissjóðina.

Stöðugleikasáttmálinn hefur sannað gildi sitt þar sem hann hefur verið vettvangur árangursríks samráðs þar sem stórum og mikilvægum málum hefur verið þokað áfram. Allt ber þetta að sama brunn: Tímarnir eru erfiðir en stjórnvöld og Íslendingar í heild eru að ná árangri sem mun koma okkur upp úr kreppunni.

Raunar er það svo að Mark Flanagan, yfirmaður sendinefndar AGS gagnvart Íslandi, segir að sjóðurinn geri ráð fyrir jákvæðum hagvexti á Íslandi kringum mitt næsta ár. Og hann telur það mikið afrek að tekist hafi að endurfjármagna helstu banka landsins á rúmu ári. Ég trúi að hann hafi rétt fyrir sér þegar tekið er tillit til margflókinna samninga við alla kröfuhafana á íslensku bankana, erlend ríki og fjármálastofnanir. Hann telur að það sem gerðist á Íslandi í gjaldeyris- og bankahruninu sé án fordæma - og við skulum ekki gera lítið úr því hvernig unnið hefur verið úr næstum vonlausri stöðu.

Af þeim fjölmörgu atriðum, sem verið er að undirbúa til þess að koma í veg fyrir að hér verði annað bankahrun, nefni ég aðeins að um næstu mánaðamóti verður lagt fram frumvarp til styrkingar á lagaumhverfi fjármálakerfisins. Lán með veði í eigin hlutabréfum, krosseignarhald, slöpp áhættustýring, lán til tengdra aðila og stórar áhættuskuldbindingar – allt eru þetta atriði sem áttu þátt í hruninu – og þau verða öll löguð með það fyrir augum að girða fyrir misbeitingu og hættu á nýju hruni. Löngu úrelt lög um Tryggingarsjóð innistæðueigenda verða einnig stórefld og bætt, vonandi fyrir áramót

Því viðhorfi er oft hreyft að krepputímar séu ekki rétti tíminn til þess að hefja sókn til betra samfélags. Því mótmæli ég kröftuglega. Botninn er góður til viðspyrnu og nú er hugurinn opinn fyrir því að finna nýjar leiðir út úr vandanum og beita nýjum aðferðum við úrlausn mála. Hin íslensku gildi, eins og þau koma m.a. fram á Þjóðfundinum og á okkar fundum, eru öll á þann veg að þau beina augum okkar að norrænu velferðarsamfélögum og því jafnvægi sem þar er leitast við að ná milli markaðsafla og pólitískrar stýringar í þágu jafnréttis, réttlætis og og jöfnuðar. Árið 2009 er því ekki síður tími breytinga en tími kreppu.

Við erum að varða nýjar leiðir með margvíslegum undirbúningi og ákvörðunum sem lúta að siðbót í opinberri stjórnsýslu, stjórnlagabætur og þjóðaratkvæðagreiðslum svo fátt eitt sé nefnt. Enda þótt þröngt sé í búi og skera

þurfi niður er unnið að því að mennta-, heilbrigðis- og velferðarþjónusta verði sá grunnur sem styrktur verður til frambúðar.

Og við teljum að það sé til heilla fyrir almannahag að freista þess að semja við Evrópusambandið um aðildarsamning sem tekur fullt tillit til lífshagsmuna okkar í sjávarútvegi og landbúnaði.

Okkar er að semja en þjóðin ræður aðildinni sjálf í kosningum.

Þetta er sú leið sem Alþingi hefur valið. Aum er sú afstaða sem byggir á því að treysta ekki þjóðinni fyrir því að taka afstöðu til niðurstöðu samninga við ESB og ætlast til þess að samningum verði hafnað ósédum. Tími forræðishyggju af því tagi ætti að vera liðinn!

Góðir félagar!

Tekjufall ríkissjóðs á árinu miðað við 2008 og snögg skuldaaukning þjóðarbúsins sem gæti numið yfir 1100 milljörðum króna frá 2007, hefur valdið gífurlegum halla á rekstri ríkissjóðs. Vaxtakostnaður af slíkum hallarekstri, ef hann yrði til staðar á næstu árum, myndi sliga alla viðleitni okkar til þess að byggja réttlátt velferðarsamfélag á Íslandi. Við höfum því einsett okkur að ná niður hallanum á ríkissrekstrinum úr 180 milljörðum niður fyrir 100 á næsta ári og reka ríkissjóð hallalausan á árinu 2013. Þetta markmið þýðir að á næsta ári verður að hækka skatta um 50 milljarða króna og draga úr útgjöldum í svipuðum mæli.

Það skattkerfi sem hér þróaðist á árunum 1995 – 2005 var ekki sjálfbært. Heildarskattbyrðin jókst meira en hjá nokkru öðru OECD ríki. Skattbyrði jókst mest í lægri tekjuhópunum en lækkaði verulega hjá hátekjufólki. Skattbyrði flestra fjölskyldugerða jókst en mest þó hjá einstæðum foreldrum og lágtekjufjölskyldum. Ríkustu fjölskyldurnar í landinu margfölduðu hlutdeild sína í heildarráðstöfunartekjum á áratug. Þessi þróun gat ekki gengið mikið lengur. Þetta var brjálæðislegt skattkerfi!

Þess vegna er til framtíðar nauðsynlegt að dreifa byrðunum jafnar og víðar og leggja meira á þá sem hafa hæstar tekjur og mesta auðlegð. Tími þessa óréttláta skattkerfis er liðinn: – Jafnaðarmenn hafa tekið við stjórninni!

Tillögur ríkisstjórnarinnar í skattamálum eru skref í áttina til réttlátari og jafnari skattheimtu. Ég vek sérstaka athygli á því að allir tekjuhópar njóta skattleysismarka og lægsta skatthlutfallsins. Stighækkandi skatthlutfall leggst aðeins á þær tekjur sem eru umfram ákveðin mörk. Þar sem einungis er ein fyrirvinna í fjölskyldu með tekjur umfram 650 þúsund krónu mörkin er auk þess möguleiki á að færa vissan hluta tekna niður í lægra skattþrep.

Þá er það viðurkennt að sú tilhögun sem við höfum valið hvetur til atvinnuþátttöku beggja kynja þar sem það er hentugast fyrir fjölskyldur að

makar eða sambúðarfólk hafi sem jafnastar tekjur. Flati skatturinn frá Framsókn og Sjálfstæðisflokki latti konur frekar til þátttöku í vinnumarkaði en hvatti.

Ég trúi að flestir og þar með talið forvígismenn atvinnulífsins hafi almennt búist við hærri álögum en raunin varð í þessum tillögum. Þrátt fyrir að kvartað sé yfir hækkunum á virðisaukaskatti og áformuðum hækkunum á fjármagnstekjuskatti einstaklinga og tekjuskatti lögaðila þá verður heildarskattheimta á Íslandi enn talsvert minni en annarsstaðar á Norðurlöndum. Og í sambandi við 18% fjármagnstekjuskatt vil ég segja að inn í hann er byggt 100 þúsund krónu frítekjumark þannig að tekjur af smásparnaði upp á 1- 1 ½ milljón króna eru ekki skattlagðar.

Mestu nýmælin í tillögunum eru orku-, auðlinda og umhverfisskattar sem eiga að skila samtals um 5,6 milljörðum króna á næsta ári. Gerð er tillaga um tímabundinn þriggja ára, 12 ára raforkuskatt á hverja Kílóvattstund sem á að skila 1,8 milljörðum króna að teknu tilliti til ívilnana vegna garðyrkju og heimila á köldum svæðum. Jafnframt verður gerður samningur við helstu stórnotendur raforku um fyrirframgreiðslu á tekjuskatti sem á að færa ríkissjóði 1,2 milljarða króna tekjur á ári 2010, 2011 og 2012. Miklar tröllasögur hafa gengið af þessum sköttum og sjónvarpið sagði m.a. að orkureikningur heimila myndi hækka um 30 þúsund krónur á ári vegna nýs raforkuskatts. Reyndin verður hinsvegar að hann hækkar um 700 krónur á ári en ekki 30 þúsund á ári.

Kolefnisgjald á fljóttandi eldsneyti tekur mið af verði á losunarheimildum innan ESB og nemur 50% af því verði. Gjaldið mun skila um 2,5 milljörðum króna í ríkiskassann. Innleiðing þessa gjalds felur í sér mikilvæga stefnubreytingu og sýnir að ríkisstjórnin fylgir eftir stefnumótun sinni í umhverfismálum. Þarna er verið að búa í haginn fyrir betra þjóðfélag og aðlögun að nýjum alþjóðlegum umhverfiskröfum. Við jafnaðarmenn höfum lengi lagt áherslu á auðlindagjöld til þess að stuðla að ábyrgri nýtingu auðlinda og hér er stigið skref í þá átt að gera þau að almennri reglu. Þegar Sjálfstæðisflokkurinn hefur átt aðild að ríkisstjórn hefur hann hamlað slíkri þróun.

Svo þið sjáið á þessu, kærur félagar, að nokkrir góðir dagar án íhaldsins geta skipt miklu fyrir framtíðina!

Ákaflega mikilvægt er einnig að heimild til útgreiðslu séreignarsparnaðar verður framlengd og hækkuð í 1,5 milljón króna. Það hentar mörgum fjölskyldum í kreppunni og skilar tekjum til ríkissjóðs og ekki síður til sveitarfélaga.

Hækkun hins almenna tryggingargjalds verður sjálfsagt ekki vinsæl en hún var nauðsynleg til tekjuöflunar og sú aðferð sem aðilar vinnumarkaðarins gátu helst sætt sig við, enda er gjaldinu ætlað að standa undir útgjöldum vegna

atvinnuleysis sem ekki verður komist undan. Það mun heldur ekki íþyngja sveitarfélögunum eins og ég nefndi áðan.

Að lokum vil ég svo minnst á hið sérstaka auðlegðargjald sem rennur til að verja greiðslur barnabóta og vaxtabóta fyrir þeim niðurskurði sem fjárlagafrumvarpið gerði ráð fyrir. Þarna er um 3 - 4 milljarða krónu tilfærslu að ræða frá þeim sem högnuðust í bóluhagkerfinu og eiga nettóeign í peningum, húsum, vélum og tækjum umfram 90 milljónir króna hjá einstaklingi og 120 milljónir króna hjá hjónum – tilfærslu frá þeim til barnafólks og lágláunafólks. Þetta er réttlætismál. Ég tel einnig að þarna höfum við verið að uppfylla óskir landsfundar Samfylkingarinnar um að leitað yrði sanngjarnra leiða til að deila tjóninu vegna efnahagshrunsins.

Ég vek athygli á því að þrátt fyrir þessar prósentuhækkningar þá verður ekki um að ræða hækkun á hlutfalli skatttekna ríkisins af þjóðarframleiðslu miðað við það sem tíðkaðist í góðærinu. Þá var ríkið að taka til sín yfir 30% af þjóðarframleiðslu en á næsta ári verður það hlutfall um 26%. Þegar allt er reiknað eru flestir landsmenn samkvæmt útreikningum fjármálaráðuneytisins að greiða 15 – 25% af sínum heildartekjum til sameiginlegra þarfa og verður ekki annað sagt en það sér hóflegt í þeim erfiðu aðstæðum sem við erum.

Ágætu félagar!

Ég hef ekki fjallað neitt um stjórnarandstöðuna hingað til í máli mínu. Það er vegna þess að gömlu helmingaskiptaflokkarnir hafa lagt til uppgjörs, endurreisnar og uppstokkunar í öfugu hlutfalli við ábyrgð sína á hruninu sem varð. Enda þótt að við höfum orðið fyrir barðinu á alþjóðlegri fjármálakreppu, sem hefur leikið mörg lönd og marga ríkissjóði afar illa, þá var hér á Íslandi um langt skeið sérstök óstjórn efnahagsmála og sérstök óráðsía í fjárfestingarmálum. Engin heildartök voru á efnahagsmálum, þrjú ráðuneyti kepptust við að hafa ekki heildarsýn á fjármálakerfið, stofnanir voru veikburða og vanmegna til þess að hafa eftirlit, íslenska krónan reyndist ekki standast opið og alþjóðlegt efnahagskerfi og stjórn peningamála fór úr öllum böndum. Þetta var tími Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks, helmingaskiptaflokkanna.

Og eins og Dominique Strauss-Kahn, framkvæmdastjóri AGS, hefur nýlega undirstrikað í bréfi til hóps fólks á Íslandi, þá voru ákvarðanir þessara flokka um einkavinavæðingu bankanna undirrót hinna sérstöku íslensku ófara.

Í ljósi þess sem áður er sagt þá vona ég að mér fyrirgefist fyrir það að geta ekki alltaf tekið gagnrýni Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks á ríkisstjórnina sérstaklega alvarlega. Mér finnast tillögur þeirra bera vott um ábyrgðaleysi og

skammsýni eins og til að mynda þráhyggja Sjálfstæðisflokksins um að skattleggja inngreiðslur lífeyrissjóðanna. Tillögur Sjálfstæðisflokksins í sinni upprunalegri mynd voru tillögur um að skerða þær skatttekjur sem börnin okkar, barnabörnin og komandi kynslóðir eiga rétt á í framtíðinni í stað þess að við sjálf leysum þann vanda sem okkar kynslóð hefur skapað. Tillögur um að seðja okkur sjálf með því að éta útsæðið. Svona gerir maður ekki!

Börnin erfa landið og það er í þeirra þágu sem ríkisstjórnin beitir sér nú fyrir því að Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna verði loksins lögfestur á Íslandi en tveir áratugir eru nú liðnir frá því að íslensk stjórnvöld undirrituðu hann. Barnasáttmálinn er sá grundvöllur sem barátta í þágu barna er háð um allan heim og hann hefur skilað árangri. Það var löngu kominn tími til þess að lögfesta hann á Íslandi.

En svo haldið sé áfram með Sjálfstæðisflokkinn þá er hægt að hafa efasemdir um það hvernig sjálfsþagnýni er háttáð í þeim flokki þegar litið er á fjárlagatillögur Sambands ungra sjálfstæðismanna. Þar leggja þeir til að markaðnum verði treyst fyrir nánast öllum stofnunum ríkisins. Og þeir leggja til að Landsbankinn verði einkavæddur strax. Þrátt fyrir banka- og gjaldeyrishrun stendur trúin á óskeikulleika markaðarins óhöggud. Það er ekkert frávik frá nýfrjálshyggjunni á þeim bænum – en það má aldrei verða að þjóðin kalli hana yfir sig á ný.

Góðir félagar!

Tímarnir eru erfiðir og margir eiga í erfiðleikum og bera kvíðboga fyrir vetrinum. Á tímum sem þessum geta ýmiskonar félagsleg vandamál komið skýrar fram en á veltutímum sem þó ullu allskonar vanlíðan vegna mikillar skuldasöfnunar heimila. Við þurfum hér að standa vaktina og það er mikilvægt hlutverk Velferðarvaktarinnar, sem stjórnvöld komu á laggirnar, að greina ástandið á hverjum tíma og koma með tillögur til skjótra úrbóta. Samfylkingin náði mikilsverðum árangri í því að rétta hlut aldraðra og öryrkja með kjarabótum á árinu 2008. Það verður eitt af okkur höfuðverkefnum að verja kjör þessara hópa og annarra sem höllum fæti standa og verstar hafa aðstæður á yfirstandi erfiðleikatímum.

Ég minni á það að í næstu viku hefst átak gegn ofbeldi og það er viðleitni sem er ákaflega brýn þegar talsvert ber á ofbeldi á heimilum og á almannafæri. Ofbeldisseggi verður að hefta og hemja hvort sem þeir eru inn á heimilum, í Vítisenglum, erlendum glæpagengjum eða hafa lent í ógæfu fikniefna eða annarrar óreglu. Við getum ekki unað því að ofbeldismenn vaði uppi en fórnarlömb þeirra beri allan andlegan og fjárhagslegan skaða. Fórnarlömbunum ber þvert á móti virðing samfélagsins. Við stefnum að því að leiða hina

svokölluðu „austurrísku leið“ í lög, en hún snýr að heimildum lögreglu til að fjarlægja ofbeldismenn af heimili, sem kæmi þá í stað þess að fórnarlömb ofbeldisins þurfi að yfirgefa heimili sitt sér til verndar.

Við höfum sett á laggirnar sérstaka ráðherranefnd um jafnréttismál og innleitt jafnréttismat á lagafrumvörp og hagstjórn sem miðast við jafnrétti kynja. Aðgerðaáætlun gegn mansali var samþykkt í vor og sérfræðingateymi gegn mansali hefur staðist sína fyrstu eldskírn í því sérstaka mansalsmáli sem nú er til rannsóknar hjá lögreglu. Alþingi hefur breytt hegningarlögum þannig að kaup á vændi eru nú refsiverð. Á þinginu í vetur verður væntanlega samþykkt frumvarp um bann við starfsemi nektarstaða á grundvelli vísbendinga um tengsl þeirra við vændi og mansal.

Launajafnrétti kynja er áfram eitt af forgangsverkefnum ríkisstjórnarinnar og m.a. er unnið er að gerð jafnlaunastaðals í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins og opinbera aðila.

Með þennan bakgrunn í huga þá fagna ég því að í nýlegri alþjóðlegri könnun var Ísland í fyrsta sæti í jafnréttismálum. Það er viðurkenning á því að ríkisstjórnin hefur sett jafnrétti kynja, mannréttindi og kvenfrelsi í öndvegi með afgerandi hætti.

Góð flokksystkin!

Ég spái því að þegar tímar líða þá verði ársins 2009 ekki eingöngu minst sem árs kreppu, hruns og erfiðleika á Íslandi.

Ég spái því að 2009 verði sérstaklega minnst sem upphafsárs mikilla umbreytinga.

2009 verði minnst sem ársins þegar Íslendingar tóku ákvarðanir um að breyta stjórnarháttum sínum og lífsgildum.

Við erum að beita okkur fyrir stefnubreytingu í skattamálum, stefnubreytingu í jafnréttismálum, stefnubreytingu í umhverfismálum, stefnubreytingu í sjávarútvegsmálum, stefnubreytingu í málum stjórnkerfis, réttarkerfis, stjórnsýslu og lýðræðis, stefnubreytingu í skipulagi fjármálastofnana, stefnubreytingu í samstarfi ríkis og sveitarfélaga og stefnubreytingu í Evrópumálum.

2009 er sannarlega upphafsár umbreytinga og nýrra gilda.

Við hvikum ekki frá stefnu okkar um uppgjör, endurreisn og uppstokkum!

Við ætlum okkur að ná heildartökum á efnahagsmálum, koma í veg fyrir að bankahrun eigi sér stað að nýju og hefja sókn til betra samfélags!

Göngum hédan glaðbeitt til verka í traustum og samhentum flokki!

Nú er verkefnið að halda áfram af krafti í endurreisninni, og góðir félagar, hefja baráttu fyrir næstu sveitarstjórnarkosningar sem við ætlum að vinna!

Brettum upp ermarnar jafnaðarmenn – við höfum verk að vinna!